

## Aðalfundur 4. apríl 2018

### Skýrsla stjórnar.

Síðasti aðalfundur var haldinn 21. mars 2017 og mættu á hann 20 manns. Á fundinum var lagt fram og samþykkt bráðabyrgðarákvæði vegna væntanlegrar kosningar að ári sem nú er komið að. Ákvæðið var gert í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að allir stjórnarmenn gengju út í einu nú ganga því fjórir stjórnarmenn út 3 halda áfram og 4 nýir koma inn þessi breyting var gerð í samráði við Þórarinn Eyfjörð og Árna Stefán sem komu með þessar tillögur. Þeir sem hætta núna eru formaðurinn Krístrún B. Jónsdóttir, Bjarnís Júlíusdóttir gjaldkeri, Haukur Ársælsson og Emil L. Guðmundsson. Stjórnin hélt 15 fundi á tímabilinu milli aðalfunda. Farið var í Jónsmessuferðina, Sviðamessan, jólafundurinn og þorrablótið voru á sínum stað Jónsmessuferðin var farin 22. Júní og var vel sótt eins og venjulega þrjár rútur lögðu af stað frá Grettisgötunni kl. 8.00 í ágætisverði þó við fengjum nokkra rigningarskúra. Ferðinn var heitið í Þjórsárdalinn með viðkomu í Menningarsetrinu Íslenski bærinn í Flóahreppi sem var gaman að skoða þaðan átti að fara að Urriðafossi en bílstjórnarnir töldu að ekki væri aðstæður til fara á svona stórum bílum þangað. Hádegisverðarstopp var í Árnesi þar sem við fengum aðstöðu til að borða nestið inni en frá S.F.R fengu allir nestispoka með samlokum, ávöxtum, safa og fl. mjög gott einnig var boðið upp á kaffi. Næst var Gjáin skoðuð farið að Stöng og að Hjálparfossi. Þaðan var ekið að Ingólfsskála í Ölfusi þar sem beið okkar dýrindis kvöldverður og frábærar móttökur veitingarmaðurinn tók á móti okkur á hlaðinu. Tveir harmonikkuspilarar sáu um músíkina flottur staður og sérstakur. Komið var í bæinn um kl. 21.00. Sviðamessan var haldin 4. nóv. Þar mættu 54. Harmonikkuspilari var Þórður Arnar Marteinson. Jólahátíðargleðin var 8. des. Og sóttu hana 25. Þar spilaði Þórður á harmonikku og Kristín Steinsdóttir las upp úr nýútkominni bók sinni „Ekki vera sár“ . Að lokum var happadrætti. Síðasti viðburður á tímabilinu var þorrablótið sem átti að vera 10. Febrúar en var frestað til 17. febrúar vegna mjög vondrar veðurspár, sem gekk nú ekki alveg eftir það var bara sæmlegasta veður fram eftir deginum. Maturinn var frá Múlakaffi . Ólafur Beinteinn Ólafsson sá um músikkina spilaði bæði á harmonikku, píanó, söng og sagði brandara. Minni kvenna og karla var haldið og boðið var uppá kaffi og tertu í eftirrétt. Nú tekur við ný stjórn og þökkum við fráfarandi stjórnarmenn kærlega fyrir okkur þetta er búið að vera skemmtilegt tímabil nú tekur ný stjórn við og óskum við henni góðs gengis. Þar sem Krístrún er stödd erlendis gat hún ekki verið hér í dag en biður fyrir góðar kveðjur og þakklæti til ykkar allra og sérstaklega til Árna, Þórarins, Jóhönnu og

Sólveigar sem alltaf voru tilbúin með aðstoð. Við hin tókum undir það einnig þökkum við Kristínu Ernu sem tók við okkur af Sólveigu sem tengiliður við félagið.